

## **Mitt Reykjanes – Umönnunargreiðsla**

Umönnunargreiðslum er úthlutað til foreldra að loknu fæðingarorlofi og þar til barn er skráð á leikskóla.

Tilgangurinn með umönnunargreiðslunum er að gefa fjölskyldum aukinn möguleika á samvistum á mikilvægu þroskaskeiði barnsins.

Til þess að öðlast rétt á umönnunargreiðslum þurfa foreldrar að sækja kynningu á vegum Reykjanesbæjar þar sem fjallað verður um grundvallaratriði í uppeldi barna. Markmið kynninganna, sem gert er ráð fyrir að taki tvær kvöldstundir, er að foreldrar þekki skyldur sínar í uppeldishlutverkinu, grundvallaratriði í þroska barna sinna og þá þjónustu sem býðst foreldrum í Reykjanesbæ. Þannig teljum við okkur styðja og bæta þjónustupætti er snúa að þróun í barnauppeldi sem mikilvægt er fyrir alla að fylgjast með.

### Reglur um umönnunargreiðslur frá Reykjanesbæ

1. Upphaf greiðslna miðast við níu mánaða aldur og þeim lýkur þegar barn er skráð á leikskóla. Ef foreldri velur að skrá barn ekki á leikskóla halda greiðslur áfram þar til barn hefur grunnskólanám.
2. Foreldri sem af einhverjum ástæðum á ekki rétt á 9 mánaða fæðingarorlofi getur sótt sérstaklega um að fá greiðslu frá 6 mánaða aldri. Umsóknir eru afgreiddar hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar.
3. Foreldri sem af einhverri ástæðu á rétt á lengra fæðingarorlofi en 9 mánuðum á ekki rétt á greiðslu fyrir en fæðingarorlofi lýkur.
4. Sækja þarf um mánaðarlega í Mitt Reykjanes fram að 2 ára aldri en þá þarf að sækja um framlengingu á greiðslum.
5. Til þess að eiga rétt á greiðslu þarf a.m.k. annað foreldri að sækja kynningu á vegum Reykjanesbæjar þar sem leitast er við að tryggja að foreldri þekki þær skyldur sem fylgja umönnun barns, þekki til grundvallarþátta í þroskaferli barnsins og þekki þá þjónustu sem býðst börnum og foreldrum í Reykjanesbæ. Sækja þarf kynninguna innan þriggja mánaða frá umsókn en að öðrum kosti falla greiðslur niður. Greiðslur hefjast á ný um leið og viðkomandi hefur sótt kynningu.
6. Barn sem greitt er fyrir skal hafa sama lögheimili og það foreldri sem greitt er til.
7. Þegar barni býðst leikskólavist sem miðar við 2 ára aldur en foreldrar hafa aðstöðu og vilja til að sinna barninu lengur á eigin vegum skal sótt um það sérstaklega.

## **Niðurgreiðsla til dagforeldra**

Umönnunargreiðslur leysa af hólmi niðurgreiðslu til dagforeldra.

## **Umsóknir og greiðslufyrirkomulag**

Einungis er greitt inn á reikning á kennitölu þess foreldris sem sækir um.

Sækja skal um greiðslu fyrir síðasta dag hvers mánaðar fyrir þann mánuð sem á eftir kemur. Greiðsla fer fram 2. virkan dag hvers mánaðar fyrir yfirstandandi mánuð.

Reykjanesbær áskilur sér rétt til þess að fresta eða hafna greiðslum leiki vafi réttindum viðkomandi.